

## Samtök ferðapjónustunnar

Hafnarstræti 20  
101 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbréf: 511 8008  
Netfang: info@saf.is

Alþingi  
Erindi nr. P 127, 20t,  
komudagur 24.4.2002



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. apríl 2002

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar

Meginmarkmið ofangreinds frumvarps virðist vera að færa ákvörðunarvaldið og ábyrgðina varðandi hvalveiðar frá ríkisstjórn til vísindastofnunar. Með 2. grein frumvarpsins er verið að skerða völd sjávarútvegsráðherra og færa ákvörðun um hvalveiðar þ.e. hvalategundir og fjölda hvala sem leyfilegt er að veiða til Hafrannsóknarstofnunar. Það vekur óneitanlega upp spurninguna um hvort slíkt framsal á ráðherravaldi standist lög. Það vekur ennfremur furðu að lagt sé til að ákvörðunum um nýtingu hvala sé hagað á annan veg en nýtingu annarra auðlinda sjávar.


Samtök ferðapjónustunnar hafa ítrekað bent á að með aðild sinni að Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa Íslendingar skuldbundið sig til að vinna að verndun og stjórnun á hvalastofnunum í samstarfi við aðildarþjóðir sáttmálans innan vébanda viðeigandi alþjóðastofnunar þ.e. Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Samtök ferðapjónustunnar ítreka ennfremur fyrri yfirlýsingar sínar um að ef stjórnvöld hyggjast hefja hvalveiðar þá fari áður fram fagleg rannsókn á hugsanlegum áhrifum veiðanna á ferðapjónustuna í landinu. Gerð verði m.a. könnun á viðhorfum erlendra ferðamanna til hvalveiða. Ferðapjónustan er í dag að nýta hvalina við strendur landsins til skoðunar og fóru rúmlega 60.000 ferðamenn í hvalaskoðunarferð árið 2001.

Meginröksemdarfærsla þeirra stjórnmalamanna sem vilja hefja hvalveiðar eru almennt þær að Íslendingum beri skylda til að nýta auðlindina og að hvalirnir séu að éta frá okkur fiskistofnana. Íslendingar eru að nýta auðlindina með því að selja hvalaskoðunarferðir til ferðamanna með öllum þeim beinu og óbeinu tekjum sem þau viðskipti hafa í för með sér og veiðar 250 hrefna úr stofni sem telur 60-70 þúsund dýr eru vita gagnslausar við að sporna við áti hvala á fiskistofnum Íslendinga.

Það er mjög mikilvægt að miklum hagsmunum ferðapjónustunnar og ugglaust fleiri atvinnugreina sé ekki stefnt í voða vegna hvalveiða og því nauðsynlegt að ferðapjónustan komi að ákvörðunum um mál sem snertir hana jafnmikið og þetta mál gerir.

Virðingarfyllst

  
Erna Hauksdóttir